

Fjórði fundur Delta-deildar starfsárið 2014-2015 var haldinn 23. mars. Fundurinn var haldinn á Laxárbakka í Melasveit og hófst kl.18.00.

Við byrjum í Heiðaskóla í Hvalfjarðarsveit. Sigríður Lára Guðmundsdóttir sviðsstjóri tók á móti okkur og sagði frá starfsemi skólans um leið og hún sýndi okkur glæsilega skólabyggingu.

Á heimasíðu Heiðaskóla stendur meðal annars þetta.

„Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er 130 barna skóli sem starfræktur er á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Leikskólinn Skýjaborg er í Melahverfi með 40 börn á aldrinum 1-6 ára og grunnskólinn Heiðarskóli sem staðsettur er við Leirá með um 90 nemendur í 1.-10. bekk. Við skólann starfa um 40 starfsmenn.

Skólinn er Grænfánaskóli með áherslu á umhverfismennt og útinám.

Gildi skólans eru VELLÍÐAN VIRÐING METNAÐUR og SAMVINNA og eru þau eins og rauður þráður í gegnum skólanámskrána.

Við skólann er unnið þróunarverkefni í að nota spjaldtölvur í leik og námi og er skólinn vel tækjum búinn. Áhersla er á að auka ábyrgð barna á eigin námi og er það gert með fjölbreytni í kennsluháttum og þemanámi.

Skólastjóri er Jón Rúnar Hilmarsson.“

Það var mikið líf í skólanum þó svo að skóladegi væri löngu lokið en einmitt þennan dag voru börnin að undirbúa árshátíð ásamt því að spila við foreldra og borða pylsur. Tveir hressir drengir fylgdu okkur í gegnum skólann ásamt Sigríði. Þeir voru mjög duglegir og áhugasamir að sýna og segja okkur sögur úr skólastarfinu. Skólalóðin gefur mikla möguleika til náttúruskoðunar og meðal þess sem börnunum finnst skemmtilegast er að leika sér í og við lækinn sem rennur í gegnum skólalóðina. Drengirnir sögðust hafa tekið þátt í verkefni þar sem þeir stífluðu lækninn, settu upp túrbínu og bjuggu til rafmagn. Í lok heimsóknar kom Jón Rúnar skólastjóri af fundi og spjallaði stuttlega við okkur.

Að heimsókn lokinni keyrðum við niður að Laxárbakka þar sem Theodóra formaður setti fundinn og bauð Kappa konur velkomnar. Guðlaug kveikti á kertunum þremur og Theodóra bar kveðjur frá konum. Að því loknu snæddu konur dýrindis kalkúnamáltíð.

Orð til umhugsunar flutti Marsibil Ólafsdóttir formaður Kappadeildar. Hún talaði um hamingju og hamingjudaga. Einnig sagði hún okkur sögu af því hvernig hún tengist Borgarfjarðarsvæðinu þegar hún kenndi í Leirárskóla sem var hinn gamli Heiðaskóli.

Önnur mál voru næst á dagskrá. Theodóra greindi frá því að Jónína Eiríksdóttir hefði verið valin í stjórn DKG og hvatti hún konur til að mæta á þingið sem verður dagana 9-10. maí. Síðasti fundur okkar í vor verður í Dölunum. Theodóra greindi frá því að Inga Stefánsdóttir hefði átti stórafmæli 21. febrúar s.l. en þá varð hún sextug.

Theodóra dreifði söngtextum og nótum og sungum við saman Delta-Kappa- Gamma sönginn sem gerði mikla lukku.

Happdrættið var á sínum stað og kom Sjöfn með vinninginn en sú sem hreppti hann að þessu sinni var ein Kappa kvenna. Theodóra sleit fundi kl. 20.40 og óskaði konum góðrar heimferðar.

Fundarritari Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir